

Álitsgerð

um grisjun starfsumsóknna sem borist hafa stjórnvaldi
í tilefni af auglýsingu um opinbert starf

I.

Með beiðni 19. desember 2013 óskaði Þjóðskjalasafn Íslands eftir því við undirritaða að veitt yrði álit á því hvort grisjun starfsumsóknna í tilefni af auglýsingu um opinbert starf gæti brotið gegn rétti aðila máls um aðgang að gögnum máls, rétti aðila til aðgangs að upplýsingum um hann sjálfan og upplýsingarétti almennings. Jafnframt var óskað eftir álit á því hvort nægilegt væri að varðveita eingöngu starfsumsóknir þeirra sem ráðnir væri í opinbert starf auk nafnalista yfir umsækjendur og að öðrum gögnum yrði eytt að þremur árum liðnum.

II.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands er hlutverk Þjóðskjalasafns söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga til þess að tryggja hagsmuni og réttindi þeirra og til notkunar við vísindalegar rannsóknir og fræðiiðkanir. Í 2. mgr. er tekið fram að þegar talað er um skjöl og skráðar heimildir í lögum þessum er átt við hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings. Samkvæmt 4. gr. skal Þjóðskjalasafn m.a. gegna hlutverki sínu með því að heimta inn og varðveita skjöl þeirra aðila sem eru afhendingarskyldir samkvæmt 5. gr. laganna.

Af framangreindu er ljóst að tilgangur söfnunar og varðveisla skjala af hálfu Þjóðskjalasafns er m.a. að tryggja hagsmuni og réttindi stjórnvalda og stofnana sem og einstaklinga. Til að tryggja þetta er afhendingarskyldum aðilum, samkvæmt 5. gr. laga nr. 66/1985, óheimilt að ónýta nokkurt skjal í skjalasöfnum sínum nema heimild Þjóðskjalasafns komi til eða samkvæmt sérstökum reglum sem settar verða um ónýtingu skjala, sbr. 7. gr. laga nr. 66/1985.

Ákvæði upplýsingalaga nr. 140/2012 mæla fyrir um rétt almennings til aðgangs að gögnum, sbr. 1. mgr. 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2102. Samkvæmt ákvæðinu er skylt að veita almenningi aðgang að fyrirliggjandi gögnum sem varða tiltekið mál, með þeim takmörkunum sem greinir í 6.–10. gr. laganna. Sama gildir þegar óskað er

aðgangs að tilteknum fyrirbyggjandi gögnum. Ákvæði 7. gr. laganna varðar upplýsingar um málefni starfsmanna. Samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins tekur réttur almennings til aðgangs að gögnum m.a. ekki til gagna í málum sem varða umsóknir um starf. Samkvæmt 1. tölul. 2. mgr. ákvæðisins er hins vegar skylt, eigi aðrar takmarkanir á upplýsingarétti samkvæmt lögnum ekki við, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda um starf, þegar umsóknarfrestur er liðinn. Hér vísast einnig til 3. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem mælir fyrir um sömu skyldu.

Ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 mæla fyrir um rétt aðila að málum þegar stjórnvöld taka stjórnvaldsákvörðun, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna. Í 15. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að aðili máls eigi rétt á aðgangi að skjölum og öðrum gögnum er mál varða. Samkvæmt því eiga aðilar við meðferð stjórnarsýslumála, þar sem taka á stjórnvaldsákvörðun, aðgang að gögnum þess á grundvelli 15. gr. laganna.

Fyrir liggur að ákvörðun um veitingu starfs hjá stjórnvaldi er stjórnvaldsákvörðun í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnarsýslulaga.¹ Samkvæmt því eiga aðilar við meðferð slíks máls aðgang að gögnum þess á grundvelli 15. gr. stjórnarsýslulaga. Allir þeir sem sóttu um starfið, þ.e. allir umsækjendur um tiltekið opinbert starf, teljast aðilar að því máli þar sem taka á ákvörðun um það hverjum á að veita starfið. Þegar starfið er veitt einum umsækjandanum eru hinir umsækjendurnir áfram aðilar að því máli. Eiga þeir því rétt samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga m.a. til aðgangs að gögnum máls. Sérhver umsækjandi um viðkomandi starf á því rétt á aðgangi að öllum göngum málsins, þ.e. umsóknum og gögnum sem aðrir umsækjendur um starfið hafa lagt fram, að svo miklu leyti sem sá aðgangur takmarkast ekki af 16. og 17. gr. stjórnarsýslulaga.² Engar sérstakar tímatakmarkanir eru í lögnum á þessum rétti aðila máls og gildir hann því einnig eftir að ákvörðun hefur verið tekin. Hér ber að hafa í huga að varðveisla gagna er meðal annars forsenda þess að upplýsingaréttur aðila máls geti orðið raunhæfur og virkur, sbr. álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4686/2006.

Enn fremur skal tekið fram að í stjórnarsýslumálum þar sem taka á stjórnvaldsákvörðun geta komið fyrir upplýsingar um einstakling sem ekki telst aðili málsins og á því ekki rétt til aðgangs að gögnum þess á grundvelli 15. gr. stjórnarsýslulaga. Þegar svo ber undir ætti sá einstaklingur mögulega að geta fengið

¹ Sjá hér Páll Hreinsson: Stjórnarsýsluréttur – málsmeðferð, bls. 104.

² Sjá hér Páll Hreinsson: Stjórnarsýsluréttur – málsmeðferð, bls. 632.

aðgang að gögnunum, þ.e. þeim gögnum máls sem geyma upplýsingar um hann sjálfan, á grundvelli 14. gr. upplýsingalaga.³

Að lokum er rétt að taka fram að almennt er ákvörðun um ráðningu eða skipun í tiltekið starf á vegum hins opinbera ekki kæránleg til æðra stjórnvalds, sbr. 49. gr. laga nr. 70/1996. Þá skal vakin athygli á því að almennur kærufrestur á stjórnvaldsákvörðun er þrjú mánuðir, sbr. 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, en sérstaklega er tekið fram í 2. mgr. 28. gr. laganna að kæru skuli þó ekki sinnt ef meira en ár er liðið frá því að ákvörðun var tilkynnt aðila.

III.

Í samræmi við það sem rakið er hér að framan verður að telja að grisjun starfsumsóknna í opinbert starf geti brotið gegn rétti aðila máls til aðgangs að gögnum máls samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993 jafnframt sem slík grisjun getur brotið gegn rétti aðila til aðgangs að upplýsingum um hann sjálfan samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012. Er því ekki nægjanlegt að varðaveita eingöngu starfsumsóknir þeirra sem ráðnir eru í opinbert starf auk nafnalista yfir umsækjendur. Þess ber að geta að þar sem réttur aðila máls að gögnum máls er ekki bundinn sérstökum tímatakörkunum væri ekki heimilt að eyða gögnum vegna starfsumsóknna þremur árum eftir veitingu starfs.

Reykjavík, 26. janúar 2014,

Kristín Benediktsdóttir lektor

³ Sjá hér Páll Hreinsson: Upplýsingalögin – kennslurit, bls. 97.